

Stiklað á stóru um Geldstöðufóðrun



Góð fóðrun á geldstöðu er bæði vandasöm og mikilvæg og snýst um að auka möguleika kýrinnar á að ná hárrí nyt án þess að það komi niður á heilsufarinu. Mikilvægt er að kýr komi ekki of feitar inni geldstöðutímabilið og er hæfileg holdstigun um 3,5. Á þessu tímabili, sem þarf að standa yfir í um 8 vikur hið minnsta, gefum við kúnum hvíld til að jafna sig fyrir átök næsta burðar og komandi mjaltaskeið. Ef vel ætti að vera þyrfti að skipta geldstöðufóðruninni í 3 tímabil:

1. Geldingarfasa þar sem dregið er hratt úr orkufóðrun til að gelda kýr
2. Hvíldarfasa þar sem fóðrað er á viðhaldsfóðri
3. Undirbúningsfasa þar sem kýrin er vanin á orkuríkara fóður til að undirbúa vömbina fyrir aukna inntöku kjarnfóðurs og kraftmeira gróffóður.

Að skipta geldstöðunni í 3 tímabil er flókið í framkvæmd. Því hentar vel að fóðra geldkúr á trénisríku gróffóðri sem uppfyllir viðhaldsþarfir en hefja einstaklingsmiðaða kjarnfóðurgjöf 2 vikum fyrir burð samhliða minnkandi átgetu gripa þegar nær dregur burði. Mikilvægt er að velja gróffóður sem inniheldur sem fyrr segir fremur hátt tréni. Hráprótein má vera frekar lágt (þó ekki undir 12%) og styrkur kalsíum (Ca) og kalí (K) þarf að vera sem lægst. Aftur á móti er æskilegt að hlutfall klórs (Cl) og brennisteins (S) sé sem hæst. Þessi hlutföll eru reiknuð í svokallað CAB gildi sem má sjá á heysýnaniðurstöðum ef klór hefur verið greindur. Gott er að þetta gildi sé neikvætt í fóðri geldkúa.

Um 2 vikum fyrir burð dregur mjög úr átgetu geldkúa en orkuþarfir aukast. Á þessu tímabili og á fyrstu vikum eftir burð verður orkufóðrun gripanna því óhjáðmlega neikvæð sem veldur því að gripir ganga á eigin líkamsforða. Mikilvægt er að hefja kjarnfóðurgjöf um 2 vikum fyrir burð til að venja vambarörverur við aukið hlutfall af kornmeti í vömb sem eykur própíónsýrumyndun. Séu kýrnar orðnar vanar því að fá 2 kg af kjarnfóðri má auka kjarnfóðurgjöf hraðar eftir burð og draga þannig úr líkum á óhóflega neikvæðri orkufóðrun sem getur leitt til súrdoða. Æskilegt er að hefja gjöf á geldstöðufóðri amk 2 vikum fyrir burð og hækka magnið smám saman í 2 kg/dag á grip. Ef geldstöðufóður er mjög orkusnautt og/eða ef kýr/kvígur eru of rýrar getur þurft að gefa meira.

Geldstöðukjarnfóður er ólíkt hefðbundnu kjarnfóðri að því leiti að það inniheldur einmitt neikvætt CAB gildi sem veldur því að kýrin byrjar að undirbúa sig fyrir burðinn með því að brjóta kalk niður úr beinum. Um leið og kýrin ber má skipta yfir í hefðbundið kjarnfóður með háu innihaldi af kalki. Þar með er dregið úr líkum á doða þar sem líkami kýrinnar er í góðu formi við að brjóta niður kalk úr eigin forða um leið og hún fær aukið magn kalsíum með fóðri eftir burð. Geldstöðufóður inniheldur líka mjög hátt hlutfall D-vítamíns og magnesíum sem hjálpar til við að virkja niðurbrot kalsíums úr beinum. Í geldstöðufóðri eru líka um þrefalt hærra magn A-vítamíns og þrjátíufalt hærra magn E-vítamíns en í hefðbundnu kjarnfóðri fyrir kýr. Auk þess er í geldstöðufóðri B-vítamín, biótín og mun hærra magn selens. Selen og E-vítamín leika stórt hlutverk í að draga úr stálmamyndun í júgri geldkúa.

Gott er að hafa geldstöðusteinefnafötur eða steinefnablöndu aðgengilega fyrir geldkúr alla geldstöðuna. Óþarfi er að nota báðar gerðir. Geri súrdoði vart við sig getur gefið mjög góða raun að gefa gripum 200 ml af Pro-Keto súrdoðalausn tvisvar á dag í 3 sólarhringa. Sé kýrin orðin veik af súdoða er líklegt að kalla þurfi út dýralækni. Við hjá Líflandi mælum með að gefa öllum nýbærum Reviva orkudrykk eftir burð sem inniheldur auðuppteknar sykrur, vítamín og steinefni sem draga mjög úr líkum á veikindum eftir burð. Auk þess getur Lehman Kalsíum-þykkni komið að góðum notum geri doði vart við sig.

Við hvetjum bændur til að nýta sér þetta kynningartilboð og leita nákvæmari ráðgjafar hjá ráðgjöfum Líflands í síma 540-1100 eða með því að senda póst á sala@lifland.is